

Sveitarfélagið Árborg
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 13. mars 2018
UST201802-213/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - deiliskipulag – Björkurstykki – Selfoss - Árborg

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Björkurstykkis á Selfossi.

Skipulagssvæðið


Svæðið Björkurstykki er fyrir suðvestan núverandi íbúðabyggð og afmarkast af Eyrarvegi í norðvestri, Suðurhólum í norðaustri og lögbýlinu Björk í suðri. Skipulagsreiturinn er 40 ha að stærð. Í lýsingu kemur fram að á svæðinu sé gert ráð fyrir íbúðarbyggð fyrir u.p.b. 1450 íbúa ásamt leik- og grunnskóla. Einnig kemur fram að ofangreint svæði er óbyggt, vel gróið en blautt.


Náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að víða sé grunnt niður á Þjórsárhraunið og að á nokkrum stöðum standi hraun og hraunhólar upp úr landinu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 njóti jarðminjar s.s. eldhraun sérstakrar verndar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til jarðminja ef þess er kostur, þegar byggð er áætluð á ofangreindu svæði. Einnig kemur fram í lýsingu að skipulagssvæðið sé blautt og að skurðir hafi verið grafnir um svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt ef þess er kostur að halda eftir óröskuðu votlendi fyrir fugla og til útvistar, þegar svæðið er þróað.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að í ofangreindri lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur